

# Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs BHM

1. nóvember 2019

## 1. INNGANGUR:

Um rétt sjóðfélaga og skipulag sjóðsins gildir skipulagsskrá Sjúkrasjóðs BHM sem samþykkt var á aðalfundi BHM 18. maí 2017. Samkvæmt 7. gr. hennar setur sjóðsstjórn nánari úthlutunarreglur og tekur við sérstakur aðstæður matskennda ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum. Samkv. 2. gr. skipulagsskrárinnar kemur fram að sjóðnum skal varið til þess að styrkja sjóðfélaga með fé og koma þannig m.a. til móts við tekjutap vegna ólaunaðrar fjarveru sjóðfélaga frá vinnu vegna veikinda sjóðfélaga eða nákominna eða annarra persónulegra aðstæðna; útgjöld vegna andláts sjóðfélaga; útgjöld sjóðfélaga vegna ýmiss konar heilbrigðisþjónustu og forvarna. Stöðlun reglna má þó ekki koma í veg fyrir að sjóðsstjórn sé við sérstakar aðstæður unnt að taka matskenndar ákvarðanir með hliðsjón af persónulegum aðstæðum sjóðfélaga.

## 2. SJÓÐSAÐILD:

**Almenn réttindi.** Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið sjúkrasjóðsframlag vegna sjóðfélaga samtals í 6 mánuði og þar af 3 mánuði samfelld áður en tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áttu sér stað. Þó öðlast sá rétt strax sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr Styrktarsjóði BHM er hann verður sjóðfélagi í Sjúkrasjóði BHM. Sama gildir um þá sem öðlast hafa rétt úr sjúkrasjóðum annarra stéttarféлага sem veita fyrrum sjóðfélögum úr Sjúkrasjóði BHM sams konar rétt.

- a. **Í fæðingarorlofi.** Sjóðfélagar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur halda fullum réttindum.
- b. **Í veikindum.** Sjóðfélagi sem hefur fullnýtt rétt sinn til sjúkradagpeninga nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að eitt ár stofni hann ekki til réttinda annars staðar.
- c. **Atvinnulausir.** Atvinnulausir halda réttindum í sjóðnum í eitt ár í beinu framhaldi af fullri sjóðsaðild. Þetta gildir ef bótatímabil hefst eða útgjöld eiga sér stað innan árs frá upphafi atvinnuleysis, svo fremi að frá upphafi sé greitt félagsgjald af atvinnuleysisbótum til viðkomandi stéttarfélags.

Stéttarfélögum er heimilt að lengja þetta tímabil í allt að 30 mánuði enda bera þau ábyrgð á greiðslu 1,0% iðgjalds af atvinnuleysisbótum til sjóðsins frá upphafi atvinnuleysistímabils. Stéttarfélög skulu tilkynna sjóðnum skriflega um að þau ætli sér að nýta þessa heimild.

Hafi atvinnulaus einstaklingur ekki sjóðsaðild getur hann fengið aðild og öðlast réttindi í sjóðnum sé greitt félagsgjald af atvinnuleysisbótum til viðkomandi stéttarfélags sem ber ábyrgð á greiðslu 1,0% iðgjalds af atvinnuleysisbótum til sjóðsins. Ávinnsla réttinda er þá með sama hætti og ávinnsla annarra samkvæmt reglum sjóðsins. Stéttarfélög skulu tilkynna sjóðnum um að þau ætli sér að nýta þessa heimild.

- d. **Aðild í launalausuleyfi.** Sjóðfélagar halda réttindum í launalausuleyfi í allt að sex mánuði. Styrkréttur miðast þó við að viðkomandi hafi hafið störf að nýju. Ekki eru greiddir sjúkradagpeningar vegna veikinda í launalausuleyfi.
- e. **Aðild við starfslok.** Sjóðfélagar halda réttindum í 12 mánuði eftir að þeir láta af störfum og fara á lífeyri. Sjúkradagpeningar eru þó ekki greiddir lengur en í þrjú mánuði.
- f. **Heimildarákvæði vegna sjóðfélaga sem flytjast milli sjúkrasjóða.** Stéttarfélögum er heimilt að greiða eingreiðslu í Sjúkrasjóð BHM vegna félagsmanna sinna, sem hafa verið á vinnumarkaði síðastliðna 6 mánuði og eiga rétt í öðrum sjúkrasjóði, í þeim tilgangi að tryggja félagsmanni/sjóðfélagi rétt til úthlutunar sjúkradagpeninga frá upphafi sjóðsaðildar.

Skal stéttarfélag greiða Sjúkrasjóði BHM eingreiðslu sem nemur 1% af heildarlaunum viðkomandi félagsmanns síðustu 6 mánuði í launuðu starfi. Öðlast félagsmaður/sjóðfélagi þá rétt til greiðslu sjúkradagpeninga skv. gildandi reglum sjóðsins á hverjum tíma.

Sjóðfélagi öðlast rétt til greiðslu annarra styrkja eftir að iðgjald hefur verið greitt í sjóðinn í 6 mánuði. Stéttarfélög skulu tilkynna sjóðnum um að þau ætli sér að nýta þessa heimild.

HS  
nk

### 3. **UMSÓKNIR OG REGLUR:**

- a. **Umsóknir.** Sækja þarf um styrk til sjóðsins á rafrænu umsóknareyðublaði á þjónustugátt BHM "Mínum síðum". Umsóknir þurfa að berast sjóðnum ásamt fylgigögnum fyrir 15. hvers mánaðar til að öruggt sé að umsókn sé afgreidd í sama mánuði.
- b. **Gögn.** Gögn skulu send inn rafrænt með umsókn. Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum. Þessi gögn eru sundurliðaðir reikningar með nafni umsækjanda sem sannanlega eru greiddir af sjóðfélagi sjálfum. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef um samskattaðan aðila er að ræða. Á reikningunum þarf að vera útgáfudagur reiknings, áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. Upplýsingar um þiggjanda meðferðar, sundurliðun og tegund meðferðar ásamt dagsetningu meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér skal koma fram á reikningi. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings sem áður hefur verið sendur til sjóðsins, áður en útborgun á sér stað.
- c. **Afgreiðsla umsókna.** Starfsmenn sjóðsins afgreiða umsóknir samkvæmt úthlutunarreglum þessum í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar. Sjóðsstjórn fundar a.m.k. einu sinni í mánuði. Sjúkradagpeningar eru afgreiddir einu sinni í lok mánaðar og styrkir eru afgreiddir a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði. Sjóðfélagi getur ávallt vísað afgreiðslu á máli sínu til stjórnar Sjúkrasjóðs BHM.
- d. **Gögn vegna sjúkradagpeninga og dánarbóta.** Umsóknum um sjúkradagpeninga og dánarbætur skal skila undirrituðum, annað hvort skönnuðum í gegnum *Minar síður* eða til skrifstofu sjóðsins, ásamt vottorðum læknis. Umsóknareyðublað eru aðgengileg á vefsíðu sjóðsins.
- e. **Upphæð styrks – staðgreiðsla skatta.** Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum. Staðgreiðsla skatta er tekin af öllum styrkfjárhæðum að frátöldum líkamsræktarstyrk og útfararstyrk. Ef iðgjöld sjóðfélaga eru lægri en 3.000 kr. á mánuði fær sjóðfélagi aðeins greiddan hálfan styrk frá sjóðnum. Reiknað er út meðaltal inngreiðslna iðgjalda síðustu þriggja mánaða, talið frá þeim degi sem umsókn berst til sjóðsins. Ef reiknað meðaltal er 3.000 kr. eða hærra þá á viðkomandi rétt á fullum styrk. Ef reiknað meðaltal inngreiðslna iðgjalda síðustu þriggja mánaða, talið frá umsóknardegi, er 2.999 kr. eða lægra þá á viðkomandi rétt á hálfum styrk.
- f. **Fyrning umsókna.** Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um þær innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað eða tekjutap varð. Þó fyrnist réttur til greiðslna úr sjóðnum að liðnum 3 mánuðum frá því síðast var greitt iðgjald til sjóðsins.  
  
Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar eða starfsmanns sjóðsins fyrnist ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 9 mánaða.
- g. **Villandi- eða rangar upplýsingar.** Sá sem gefur rangar eða villandi upplýsingar eða lætur hjá liða að veita nauðsynlegar upplýsingar, missir rétt til bóta í allt að tvö ár. Í tilvikum þar sem um er að ræða ofgreiðslu vegna rangra upplýsinga er sjóðsstjórn heimilt að endurkrefja bótaþega um alla bótafjárhæðina auk dráttarvaxta. Sjóðstjórn er heimilt að draga frá ofgreiddar bætur við næstu úthlutanir til sjóðfélaga.
- h. **Sjúkratryggingar Íslands.** Að jafnaði er ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar sem mætt er af greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands.

### 4. **SJÚKRADAGPENINGAR**

Réttur til sjúkradagpeninga vegna sannanlegs tímabundins tekjutaps sjóðfélaga sökum óvinnufærni vegna veikinda eða slysa, þ.m.t. veikinda á meðgöngu er sem hér segir:

- a. **Sjúkra- og slysadagpeningar** greiðast í allt að 4 mánuði enda séu launagreiðslur í veikinda- eða slysaforföllum hættar eða skertar. Samanlagðar greiðslur sjóðsins skulu þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur tekjutapi sjóðfélaga. Sjúkradagpeningar eru að hámarki greiddir í þrjá almanaxsmánuði afturvirkir miðað við umsóknarmánuð. Í undantekningar tilvikum og við sérstakar aðstæður er stjórn Sjúkrasjóðs BHM heimilt að framlengja greiðslur sjúkradagpeninga um 1 mánuð.

MS  
MA

- b. **Upphæð sjúkradagpeninga** skal nema 80% af grunni inngreiðslna sjóðfélaga í sjóðinn síðustu 4 mánuði áður en greiðslur féllu niður þó að hámarki 713.000 kr. á mánuði.

Sé um að ræða uppgjörsgreiðslur á tímabilinu, s.s. á orlofi vegna uppsagnar eða starfsloka sem gerðar eru upp í einu lagi, þá er litið svo á að um sé að ræða framtíðargreiðslur fyrir næstu mánuði og hafa þær því ekki áhrif á útreikning upphæðar sjúkradagpeninga.

Ávinnsluréttur sjúkradagpeningsmánaðar er miðaður við fjölda inngreiðslna s.l. 4 mánuði.

Allar skattskyldar greiðslur frá öðrum aðilum umfram 20% af grunni inngreiðslna síðustu 4 mánuði, koma að fullu til frádráttar sjúkradagpeninga frá sjóðnum.

Sjóðurinn greiðir ekki sjúkradagpeninga í þeim tilvikum þar sem sjóðfélagi nýtur greiðslna vegna tekjutaps fyrir sama slys/veikindatímabil frá öðrum, t.d. greiðslur úr slysatryggingu launafólks og greiðslur vegna slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Komi til þess að slíkar greiðslur séu lægri en fjárhæð útreiknaðra sjúkradagpeninga frá SBHM er sjóðnum heimilt að greiða mismuninn.

- c. **Veikindi barns sjóðfélaga.** Sjóðurinn greiðir sjúkradagpeninga í allt að 2 mánuði vegna fjarveru frá vinnu (tekjutaps) vegna alvarlegra langtímaveikinda barns. Stjórn er jafnframt heimilt að framlengja umræddan rétt í allt að 1 mánuð til viðbótar. Sjóðstjórn metur hvert einstakt tilvik fyrir sig með hliðsjón af öllum aðstæðum, þ.m.t. annarra styrkja. Miðað skal við að aðrar greiðslur vegna veikinda barna séu fullnýttar t.d. hjá atvinnurekanda, Fæðingarorlofssjóði o.s.frv. eða að umsókn um frekari greiðslur hafi verið hafnað.
- d. **Veikindi maka sjóðfélaga.** Sjóðurinn greiðir sjúkradagpeninga í allt að 2 mánuði vegna fjarveru frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda maka eða sambúðarmaka. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.
- e. **Veikindi á meðgöngu.** Verðandi mæður sem þurfa að leggja niður störf á meðgöngu vegna meðgöngutengdra kvilla og þiggja greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eiga rétt á greiðslu sjúkradagpeninga til að vega upp á móti tekjuskerðingu fram að fæðingardegi barnsins. Upphæð sjúkradagpeninga miðast við greiðsluáætlun frá Fæðingarorlofssjóði. Viðkomandi sjóðfélagi ber að fullnýta rétt sinn hjá Fæðingarorlofssjóði.
- f. **Veikindi og eða slys sjóðfélaga í fæðingarorlofi.** Þegar því er ekki viðkomandi að sjóðfélagi geti hugsað um barn sitt vegna veikinda og/eða slyss í fæðingarorlofi greiðir sjóðurinn allt að einn og hálfan mánuð á meðan fæðingarorlofi stendur. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum. Forsenda er að umsækjandi segi sig frá greiðslum frá fæðingarorlofssjóði og að veikindi/slys veiti ekki rétt til lengingar fæðingarorlofs eða að umsókn um lengingu á fæðingarorlofi hafi verið hafnað.
- g. **Veikindi sjálfstætt starfandi.** Sjóðfélagi sem er sjálfstætt starfandi hefur rétt til greiðslu sjúkradagpeninga sem um launþega væri að ræða. Biðtími til bótaréttar vegna sjálfstætt starfandi félagsmanna skal vera 2 mánuðir vegna eigin veikinda. Sjálfstætt starfandi telst sá vera sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
- h. **Sjúkradagpeningavottorð** Skila skal sjúkradagpeningavottorði frá lækni með umsókn um sjúkradagpeninga. Að jafnaði skal skila inn nýju sjúkradagpeningavottorði á tveggja mánaða fresti. Kostnaður vegna vottorða er endurgreiddur gegn framvísun kvittunar.
- i. **Trúnaðarlæknir.** Ef nauðsyn ber til er stjórn sjóðsins heimilt að setja það skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga úr sjóðnum að umsækjandi heimili trúnaðarlækni sjóðsins að sannreyna réttmæti framlagðra læknisvottorða og eftir atvikum framkvæma lækniþjálfun.
- j. **Tæming réttar.** Réttur til nýs sjúkradagpeningatímabils stofnast aftur þegar greitt hefur verið vegna sjóðfélaga í 6 mánuði eftir að síðasta sjúkradagpeningatímabili lauk. Hverjum sjóðfélagi er að hámarki greidd 2 sjúkradagpeningatímabil á hverju 10 ára tímabili.

#### **STYRKIR SJÚKRASJÓÐS BHM**

Eftirfarandi styrkir eru eingöngu fyrir sjóðfélaga. Styrkir eru ekki greiddir fyrir meðferð eða þjónustu vegna barns/barna, maka eða annarra. Undanskilin er grein 12. b)

**5. HEYRNARTÆKI**

a. Heyrnartæki. Greitt er 80% af útlögðum kostnaði til kaupa á heyrnartækjum á hverjum 36 mánuðum að hámarki kr. 145.000.

**6. HEILSURÆKT:**

Veittur er styrkur vegna íþróttaiðkunar. Greitt er að hámarki kr. 12.000 á hverju 12 mánaða tímabili. Kaup á tækjum og/eða öðrum útbúnaði til heilsuræktar er ekki styrkhæfur hjá Sjúkrasjóði BHM.

**7. FORVARNIR:**

Veittur er styrkur vegna forvarna að hámarki 20.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili:

- a. Reglubundna krabbameinsleit (kembileit) á brjóstá-, og/eða leghálskrabbameini. (Greitt er eftir texta Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins.)
- b. Krabbameinsskoðun í ristli og/eða blöðruhálsi.
- c. Ahættumat vegna hjartasjúkdóma.

**8. STYRKIR VEGNA MEÐFERÐA Á LÍKAMA OG SÁL:**

Endurgreitt er 70% af útlögðum kostnaði, að hámarki kr. 50.000 á hverju 12 mánaða tímabili fyrir einstaklingsmeðferð/hópmeðferð hjá faglega viðurkenndum aðila sem hefur löggildingu viðkomandi starfsstéttar frá landlækni og á fagsviði viðkomandi, þ.e. sjúkrabjálfa, iðjubjálfa, sjúkranuddara, osteopata, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, næringarráðgjafa, og kiropraktor. Fræðslunámskeið eru ekki styrkhæf. Meðferð þarf að fara fram hérlendis. Stjórn áskilur sér rétt til að óska eftir læknisvottorði eða upplýsingum um meðferðaraðila.

**9. HJÁLP VEGNA STARFSTENGDRÁ ÁFALLA EÐA ÓVÆNTRA STARFSLOKA:**

Sjóðurinn styrkir meðferð hjá faglega viðurkenndum aðila, sem hefur starfsleyfi frá Landlækni, til að vinna úr áfalli í starfi eða í kjölfar óvæntra starfsloka samkvæmt beiðni trúnaðarmanns/stéttarfélags fyrir að hámarki 55.000 kr.

**10. ÆTTLEIÐING, TÆKNIFRJÓVGUN OG FÆÐINGARSTYRKUR**

**a. Ættleiðing**

Veittur styrkur að fjárhæð kr. 170.000 vegna útgjalda við utanför til að sækja barn til ættleiðingar til hvers sjóðfélaga.

**b. Tæknifrjóvgun/Glasafrjóvgun**

Styrkur vegna tæknifrjóvgunar (lyf ekki innifalin), vegna fyrsta skiptis hvers barns, nemur 40% af reikningum til hvers sjóðfélaga, að hámarki kr. 125.000.

**c. Fæðingarstyrkur**

Veittur er styrkur að fjárhæð kr. 100.000 til hvers sjóðfélaga vegna fæðingar barns. Einnig er veittur styrkur vegna andvana fæðingar barns, eftir 22. viku meðgöngu.

Sækja þarf um innan árs frá fæðingu eða ættleiðingu barns. Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs eða vottorði um skráningu barns í þjóðskrá.

**11. DÁNARBÆTUR**

**a. Útfararstyrkur.**

Greiddur er útfararstyrkur að upphæð kr. 350.000 vegna fráfalls sjóðfélaga. Einnig er greiddur styrkur vegna fyrrum sjóðfélaga sem fellur frá innan 2ja ára frá starfslokum/lífeyristöku.

**b. Tímabundið framfærslutap maka/sambúðarmaka.**

Til að bæta tímabundið framfærslutap maka/sambúðarmaka eru greidd að jafngildi ein mánaðarlaun hins látna m.v. meðal innborgun síðustu 4 mánaða að hámarki kr. 713.000. Ef hinn látni var með barn/börn á framfæri undir 18 ára aldri greiddast hálf mánaðarlaun til viðbótar. Hámarksgreiðsla vegna þessarar greinar getur mest orðið kr. 1.069.500.

**12. HEIMILDARÁKVÆÐI VEGNA ANNARS HEILBRIGÐISKOSTNAÐAR:**

Sjóðsstjórn metur hverju sinni hvort umsókn falli undir heimildarákvæðið.

Við sérstakar aðstæður, s.s. óvænt mikil útgjöld og/eða fjárhagslegra erfiðleika umfram 150.000 kr. sem rekja má til alvarlegra veikinda eða slysa hans sjálfs, barna hans eða maka getur sjóðstjórn veitt styrk allt að 150.000 kr. Greitt er 30% af styrkhæfum kostnaði.

Ekki er greitt vegna lyfjakostnaðar eða annars heilbrigðiskostnaðar sem Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í. Ekki er greiddur kostnaður vegna fegrunaraðgerða eða umsókna sem falla undir aðra liði þessara reglna.

**13. GILDISTAKA:**

Úthlutunarreglum þessum var síðast breytt á stjórnarfundum Sjúkrasjóðs BHM þann 16. október 2019 og tóku þær gildi 1. nóvember 2019. Úthlutunarreglur og breytingar á þeim eru birtar á vefsíðu BHM.

**Bráðabirgðaákvæði**

Þeir sjóðfélagar sem eru á sjúkradagpeningagreiðslum við gildistöku þessara reglna eiga rétt á sjúkradagpeningum að hámarki samtals í 9 mánuði.

Þeir sjóðfélagar sem eru á sjúkradagpeningagreiðslum við gildistöku þessara reglna fylgja eftirfarandi ákvæðum eftir því sem við á:

- a) Sjóðfélagi sem á rétt til sjúkradagpeninga 1. nóvember 2019 og hefur nýtt 5 eða færri sjúkradagpeningamánuði til og með 31. október á rétt á 4 mánuðum í sjúkradagpeningum frá og með 1. nóvember 2019.
- b) Sjóðfélagi sem á rétt til sjúkradagpeninga 1. nóvember 2019 og hefur nýtt 6 sjúkradagpeningamánuði til og með 31. október 2019 á aðeins rétt á allt að 3 sjúkradagpeningamánuðum.
- c) Sjóðfélagi sem á rétt til sjúkradagpeninga 1. nóvember 2019 og hefur nýtt 7 sjúkradagpeningamánuði til og með 31. október 2019 á aðeins rétt á allt að 2 sjúkradagpeningamánuðum.
- d) Sjóðfélagi sem á rétt til sjúkradagpeninga 1. nóvember 2019 og hefur nýtt 8 sjúkradagpeningamánuði til og með 31. október 2019 á aðeins rétt á allt að 1 sjúkradagpeningamánuðum.
- e) Sjóðfélagi sem á rétt til sjúkradagpeninga 1. nóvember 2019 og hefur nýtt 9 sjúkradagpeningamánuði til og með 31. október 2019 á ekki rétt á sjúkradagpeningum 1. nóvember 2019.

Þórunn H. Halvadóttir  
Wkt  
Hanna Dóra Flórn  
Hjalti Einarsson  
Kjartanur Karen J. Bannudóttir